



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð
Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Upplýsingar um innritun í leikskóla Reykjavíkurborgar fyrir haustið 2020 og staða biðlista 12. maí 2020

Samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu, samþykktum í borgarráði 3. febrúar 2011, með síðari breytingum, er miðað við að börn sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert fái boð um leikskóladvöl það sama haust.

Aðalinnritun í leikskóla Reykjavíkur (inntaka í pláss árgangs elstu barna sem eru á leið í grunnskóla) fór fram í byrjun apríl 2020. Öllum börnum sem verða orðin 18 mánaða 1. september 2020, auk barna sem hafa verið metin í forgangi og áttu umsókn um leikskólavist þann 2. apríl 2020, hefur verið boðin leikskólavist. 1248 börn hafa þegið boðið. Þrettán börn voru enn á biðlista eftir að búið var að bjóða öllum börnum vist og eru ástæður helstar að foreldrar vildu bíða eftir ákveðnum leikskóla. Af þessum þrettán börnum eru fimm á bið eftir leikskóla í Vesturbæ, fimm á bið í Laugardal/Háaleiti og þrjú á bið í Breiðholti. Engin börn voru á bið eftir leikskóla í Miðborg/Hlíðum, Grafarvogi og Árbæ/Grafarholti.

Í langflestum hverfum borgarinnar hefur tekist að bjóða yngri systkinum leikskólavist í sama leikskóla og eldra systkini. Undantekningar frá þessu eru helstar í Vesturbæ og Fossvogi/Háaleiti. Þau sem ekki fengu boð í sama leikskóla og eldra barn 2. apríl 2020 og fengu boð um leikskólavist annars staðar, hafa verið að færa sig yfir á leikskóla eldra systkinis, þegar pláss losna og komið er að þeim í aldursröðinni. Leikskólastjórar halda vel utan um þennan hóp og leggja mikla áherslu á að vakta þegar komið er að viðkomandi barni í röðinni að hafa samband við foreldra og bjóða þeim að færa barnið.

Samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu, skal frá og með aðalinnritunardegi leikskóla ekki unnið úr nýjum umsóknum og flutningsumsóknum í 21 dag en þann tíma er unnið úr fyrirleggjandi umsóknum um leikskóla. Að lokinni aðalinnritun höfðu bæst við 98 umsóknir barna sem verða orðin 18 mánaða 1. september nk. þar af 60 nýjar umsóknir, flestar vegna barna sem eru nýflutt til Reykjavíkur og 38 flutningsumsóknir fyrir börn sem eru nú þegar í leikskóla í Reykjavík. Hægt verður að bjóða þeim börnum sem eiga nýjar umsóknir vistun í leikskóla hjá Reykjavíkurborg nk. haust miðað við laus leikskólapláss, þó ekki sé víst að öll börn komist í þá leikskóla sem foreldrar skráðu í umsókn.

Jafnhliða almennri innritun hefur börnum sem eru fædd 1. mars til 30. september 2019 og hafa verið metin í forgang verið boðin vistun á leikskóla.

Staða biðlista 12. maí 2020

Innritun í leikskóla er sífellt í gangi, biðlistinn er mjög lifandi og breytingar verða daglega. Þann 12. maí 2020 voru 5.276 börn með vistun í leikskólum Reykjavíkurborgar en heildarfjöldi pláss miðað við stýringu, þ.e. hámarksfjölda barna sem er leyfilegur í leikskólum Reykjavíkur, er 5.562. Laus pláss 12. maí voru 274.

Í meðfylgjandi töflu kemur fram að 1262 börnum sem fædd eru fyrir 29. febrúar 2019, þar af 65 börn fædd 1. mars til 30. september 2019 sem eru metin í forgang, verið boðin vist. Þá voru 60 börn fædd frá febrúarlokum 2019 og eldri á biðlista eftir leikskólavist auk þess sem 42 börn eru með umsókn um flutning milli leikskóla. Jafnframt eru 334 börn fædd frá 1. mars til 30. júní 2019 á biðlista eftir leikskólavist. Þ.e. börn sem verða 14-17 mánaða 1. september nk. Af þeim eru 8 börn sem eru á sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskólum og forsjáraðilar hafa óskað eftir flutningi á borgarrekinn leikskóla þar sem börnin þurfa vegna aldurs að flytjast af leikskólanum.

Taflan sýnir stöðu biðlista 12. maí 2020

Fæðingarmánuður	Fjöldi á biðlista	Boðin vistun*
Febrúar 2019 og eldri**	60	1197
Mars 2019	77	18
Apríl 2019	101	9
Maí 2019	117	8
Júní 2019	39	9
Samtals	394	1241
Forgangsbörn fædd júlí – sept. 2019		21
Samtals		1262

* Boðin vistun: Búið er að bjóða barni leikskólavist frá hausti 2020. Um er að ræða börn sem orðin eru 18 mánaða 1. september 2019 ásamt yngri börnum sem metin eru í forgang.

** Til viðbótar eru 42 flutningsumsóknir á milli leikskóla.

Þann 15. maí 2020 var opnað fyrir inntöku barna sem fædd eru í mars og apríl 2019. Er það gert á grundvelli fjölda lausra pláss sem enn eru til í leikskólunum. Vonir standa til þess að hægt verði að bjóða öllum þeim börnum vistun sem eru fædd í mars og apríl 2019 og hafa virka umsókn um leikskólavist, frá og með haustinu, eftir því sem aðstæður leyfa á hverjum stað.